ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR **2019/EES/98/19**
nr. 19/2018

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 frá 9. mars 2016 um persónuhlífar og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/686/EBE ([1]).

2) Reglugerð (ESB) 2016/425 fellir úr gildi, frá og með 21. apríl 2018, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/686/EBE ([2]), sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 21. apríl 2018.

3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 1. lið (tilskipun ráðsins 89/686/EBE):

„2. **32016 R 0425**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 frá 9. mars 2016 um persónuhlífar og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/686/EBE (Stjtíð ESB L 81, 31.3.2016, bls. 51).“

2. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 89/686/EBE) fellur brott frá og með 21. apríl 2018.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/425, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ([*]).

([1]) Stjtíð. ESB L 81, 31.3.2016, bls. 51.
([2]) Stjtíð. ESB L 399, 30.12.1989, bls. 18.
([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.